



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar o.fl. (hækkun almenns frítekjumarks ellilífeyris) – FRN25060066
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Félags- og húsnæðismálaráðuneyti
Innleiðing EES-gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	Júní 2025

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni.

Frítekjumark ellilífeyrisþega (hækkun almenns frítekjumarks)

Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að almennt frítekjumark ellilífeyris verði hækkað í áföngum í 60.000 krónur á mánuði á kjörtímabilinu, miðað við verðlag í fjárlögum 2025. Í dag er frítekjumarkið 36.500 krónur.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Úrlausnarefnið er að hækka fjárhæð almenns frítekjumarks ellilífeyris þannig að ellilífeyrisþegar geti haft hærri tekjur án þess að ellilífeyrir frá Tryggingastofnun lækki. Jafnframt þykir mikilvægt að tryggja að almennt frítekjumark félagslegs viðbótarstuðnings aldraðra fylgi almennu frítekjumarki ellilífeyrisþega.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Kveðið er á um fjárhæð almenns frítekjumarks ellilífeyris í 22. gr. laga um almannatryggingar og því er nauðsynlegt að gera breytingu á því ákvæði til þess að hækka frítekjumarkið. Einnig þarf að breyta 5. gr. laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða til samræmis við lög um almannatryggingar, sbr. lið A 2.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki.

Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 21. desember 2024 segir m.a. að gripið verði til aðgerða til að uppræta fátækt og lyfta greiðslum almannatrygginga til tekjulægri einstaklinga auk þess sem að fram kemur að almennt frítekjumark ellilífeyris verði hækkað. Þá er í þingsályktunartillögu um fjármálaáætlun fyrir árin 2026-2030 gert ráð fyrir hækkun á almennu frítekjumarki ellilífeyrisþega sem endurspeglar áherslu stjórnvalda á að bæta afkomu viðkvæmra hópa samfélagsins.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda.

Markmiðið með lagabreytingunni er að bæta kjör ellilífeyrisþega.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Ef ekkert yrði aðhafst myndi fjárhæð almenns frítekjumarks ellilífeyris gilda áfram óbreytt.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið.

Á ekki við.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu.

Kveðið er á um frítekjumark í lögum um almannatryggingar. Því þarf að breyta viðeigandi ákvæði 22. gr. laganna þar sem kveðið er á um fjárhæð almenns frítekjumarks ellilífeyrisþega.

Í lögum um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða er kveðið á um almennt frítekjumark vegna annarra tekna en bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð og er frítekjumarkið það sama og í lögum um almannatryggingar. Því þarf að breyta viðeigandi ákvæði 5. gr. laganna til að tryggja að það verði áfram sama fjárhæð og í lögum um almannatryggingar.
D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?
1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni. Til stendur að leggja til breytingar á 22. gr. laga um almannatryggingar þannig að almennt frítekjumark ellilífeyris hækki í þremur skrefum á kjörtímabilinu, úr 36.500 kr. á mánuði í 60.000 kr. á mánuði, miðað við verðlag í fjárlögum 2025. Lagt verður til að kveðið verði á um tiltekna krónutöluhækkun árlega næstu þrjú ár. Jafnframt verður lagt til að frítekjumark félagslegs viðbótarstuðnings við aldraða verði sama krónutala og almennt frítekjumark ellilífeyris. Með áframhaldandi hækkun frítekjumarksins munu eldri borgarar geta haft meiri tekjur án þess að það hafi áhrif á greiðslur ellilífeyris frá Tryggingastofnun. Almenna frítekjumarkið nýtist vegna allra tekna, svo sem lífeyrissjóðtekna og fjármagnstekna. Breytingin mun gagnast öllum sem hafa aðrar tekur umfram frítekjumörk og mun muna mest um breytinguna fyrir þau sem hafa lægstu tekjurnar. 2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott. Fyrirhugað er að leggja til að fjárhæð almenna frítekjumarksins hækki úr kr. 36.500 á mánuði eins og nú gildir með eftirfarandi hætti: • 2026 hækki frítekjumarkið um kr. 5.000 á mánuði • 2027 hækki frítekjumarkið um kr. 5.000 á mánuði • 2028 hækki frítekjumarkið um kr. 13.500 á mánuði.
E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar
1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Nei. 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarpjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei. 3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? Nei.
F. Samráð
1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Núverandi og verðandi ellilífeyrisþegar og þau sem eiga/kunna að eiga rétt til félagslegs viðbótarstuðnings við aldraða. 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Nei. 3. Samráð sem þegar hefur farið fram. Nei. 4. Fyrirhugað samráð. Gert er ráð fyrir að áformin þessi og fyrirhugað lagafrumvarp verði birt í samráð í samráðsgátt stjórnvalda. Þá er áformað að kynna málið sérstaklega fyrir Landsambandi eldri borgara.

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er
1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal. Í tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2026-2030 er ráð fyrir að 5 milljörðum króna verði varið til hækkunar almenns frítekjumarks ellilífeyrisþega. Kostnaður er metinn um 5.6 milljarðar króna.
H. Næstu skref, innleiðing
1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina? Nei 2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar? Gert er ráð fyrir að Tryggingastofnun þurfi nokkrar vikur til að endurreikna greiðsluáætlanir allra ellilífeyrisþega og yfirfara útreikning í kjölfar þess að frumvarp yrði samþykkt á Alþingi. 3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur? Tryggja þarf fjármögnun fyrirhugaðrar breytingar, en umrædd breyting er að mestu fjármögnuð í tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2026-2030. 4. Mælikvarðar á árangur og útkomu. Hærri ráðstöfunartekjur ellilífeyrisþega. 5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur? Gert er ráð fyrir að Tryggingastofnun haldi áfram að afla nauðsynlegra gagna sem varða almannatryggingar með sambærilegum hætti og stofnunin hefur gert til þessa.
I. Annað
J. Fylgiskjöl
1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað. 2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum.